



Þingskjal nr. 43

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að árgjald frá aðildarfélögum LH til sambandsins verði kr. 2.100,- á hvern gjaldskyldan félag, en félagar á aldrinum 18-69 ára greiða árgjald til LH.

Greinargerð

Árgjöld landssambandsins eru stór hluti af heildartekjum sambandsins á hverju ári og hugsuð til að standa undir stórum hluta af reglulegum rekstri sambandsins.

LH leggur áherslu á að þjóna aðildarfélögum sínum á sem víðtækastan hátt og stefnir áfram á að auka þjónustu og starfsemi sína við aðildarfélögin og hestasamfélagið í heild sinni.

Meðal helstu áherslumála verður hér eftir sem hingað til:

- Öflug áframhaldandi uppbygging og viðhald í reiðvegumálum og eflingu Kortasjárinnar.
- Aukin áhersla í æskulýðs- og nýliðunarmálum, með auknu skipulagi og stuðningi við aðildarfélögin og kynningu á hestaíþróttinni, á landsvísu.
- Áframhaldandi samstarf á alþjóðavísu fyrir börn og ungmenni, í samstarfi við FEIF, s.s. Youth Cup, Youth Camp og leiðtoganámskeið.
- Metnaðarfullt afreksstarf með A-landsliði, U21 landsliði og hæfileikamótun fyrir börn og unglinga, sem hefur verið í mótun undanfarið og stefnt er að því að bæta enn frekar.
- Halda úti öflugu fræðslu- og menntastarfi fyrir hestamenn, með þjálfarastig ÍSÍ og leiðtoganámskeið FEIF sem grunn til frekari uppbyggingar fræðslu- og menntamála. Auk þess að standa fyrir málþingum um keppnismál o.fl. í samstarfi við önnur félög.
- Viðhald og áframhaldandi uppbygging á SportFeng og LH Kappa, bæði til notkunar héraðs og erlendis, að ógleymdum WorldFeng sem félagsmenn hafa nú dýrmætan aðgang að í gegnum sína félagsaðild.
- Félagatal aðildarfélaga hefur verið fært úr Felix-kerfinu með samningi LH við Sportabler. Öll aðildarfélög hafa fengið aðgang að Sportabler-kerfinu með félagatal sitt og möguleika á utanumhaldi um námskeiðahald félaganna.
- Standa fyrir kynningar-, ásýndar, og markaðsmálum hestamenskunnar með það fyrir augum að bæta ásýnd hestamenskunnar og laða fleiri iðkendur að greininni. Undanfarin ár og misseri hefur sambandið fjárfest árlega í kynningarmálum, bæði í gegn um samstarfssamning við Horses of Iceland sem og með öðrum beinum hætti. Er það mat stjórnar að ákall sé um að gert verði



enn betur í þessum efnum og að stjórn hverju sinni verði falið að ákveða með hvaða hætti markaðsfé sambandsins sé best varið.

- Nýliðunar og æskulýðsmál er eitt það mikilvægasta sem hvert sérsamband þarf að huga að, til að viðhalda og efla framgang íþróttarinnar. Átak í elfingu nýliðunar og æskulýðsmála krefst fjárfestingar. Þó að vissulega séu möguleikar á að leita fjármagns víðar til að setja í þennan málaflokk, t.d. hjá hinu opinbera þá er ljóst að fjárhagur LH þarf að vera nægjanlega sterkur til að geta stutt við verkefnið.
- Stjórn LH telur sig greina mikinn vilja hjá aðildarfélögunum til að setja aukinn þunga í dómaramál sambandsins með það fyrir augum að bæta dómgæslu og starf dómara enn frekar við það sem nú er.
- Öryggis- og tryggingamál eru hestamönnum mikilvæg og eitt af mikilvægum hlutverkum sambandsins að halda utan um og bæta eins og hægt er hverju sinni.